



REYKJANESBÆR

ERINDISBRÉF

BÆJARRÁÐ

I. Stjórnskipuleg staða

1. gr.

Bæjarráð, sem starfar samkvæmt V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, telst til fastanefnda Reykjanesbæjar. Bæjarráð skal starfa í samræmi við þau lög og reglur sem um það gilda, samþykktir Reykjanesbæjar og erindisbréf þetta.

II. Lög og reglur

2. gr.

Um störf bæjarráðs gilda ákvæði V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og ákvæði samþykktu um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 622 frá 18. júní 2019.

Erindisbréf þetta byggir að auki á ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum ákvæðum annarra laga og reglugerða sem ná til málaflokka bæjarráðs. Bæjarráð skal við undirbúning mála og stjórnvaldaákvæðana gæta þess að farið sé að stjórnsýslulögum og reglum um vandaða stjórnsýslu.

Ef það er misræmi milli efnis erindisbréfs, annars vegar, og laga, reglna og samþykktu Reykjanesbæjar, hins vegar, skulu hinar síðarnefndu reglur gilda.

III. Skipan og umboð

3. gr.

Bæjarráð Reykjanesbæjar er kosið af bæjarstjórn Reykjanesbæjar, á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum og síðan á ársfresti í júní ár hvert. Bæjarráð er skipað fimm fulltrúum í samræmi við 57. gr. A samþykktar Reykjanesbæjar og jafn mörgum til vara.

4. gr.

Meginverkefni bæjarráðs er fjármálastjórn Reykjanesbæjar í umboði bæjarstjórnar. Bæjarráð semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bæjarstjórn. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu. Þá skal bæjarráð hafa eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Bæjarráð vinnur að markmiðum sínum með stefnumótandi samþykktum og ákvörðunum sem taka mið af samþykkttri stefnu bæjarráðs og bæjarstjórnar í málefnum varðandi bæjarmál.

IV. Málaflokkar og verkefni

5. gr.

Bæjarráð hefur, auk fjármálastjórnar og eftirlits með stjórnsýslu, eftirlit með fjármálum og rekstri Reykjaneshafnar og annarra fyrirtækja eða stofnana í eigu Reykjanesbæjar. Bæjarráð hefur eftirlit með starfsmannamálum, málum sem rekin eru á grundvelli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og málum sem snúa að upplýsingalögum nr. 50/1996. Bæjarráð skal gegna hlutverki jafnréttisnefndar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

6. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með málefnum sem falla undir stjórn fyrirtækja sem Reykjanesbær á aðild að.

7. gr.

Helstu verkefni sem bæjarráð hefur yfirumsjón með eru:

Bæjarráð semur drög að fjárhagsáætlun næstkomandi árs og fjárhagsáætlun til fjögurra ára vegna A og B hluta Reykjanesbæjar, stofnana hans og fyrirtækja, að fengnum tillögum hlutaðeigandi ráða og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn.

Bæjarráð semur drög að viðaukum við fjárhagsáætlun og leggur fyrir bæjarstjórn.

Bæjarráð sér um að samdir séu ársreikningar A og B hluta Reykjanesbæjar, stofnana hans og fyrirtækja reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Samþykktum, reglugerðum og gjaldskráum sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra skal vísað til bæjarstjórnar.

Bæjarráð gerir tillögu til bæjarstjórnar varðandi samninga viðskipta- eða fjárhagslegs eðlis sem hafa verulegt skuldbindingagildi fyrir Reykjanesbæ eða eru til lengri tíma en fjögurra ára nema ráð sé gert fyrir slíkum samningum í árlegri fjárhagsáætlun (og eftir atvikum langtímaáætlun).

Heimilt er að fela bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsfulltrúa eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

8. gr.

Í sumarleyfi bæjarstjórnar annast bæjarráð fullnaðarafgreiðslu þeirra mála sem berast kunna frá ráðum og nefndum. Um þetta umboð ráðsins skal bæjarstjórn gera sérstaka samþykkt hverju sinni.

9. gr.

Fundargerðir bæjarráðs skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir enda sé í fundargerð ráðsins skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri fyrirætlun með tillögu til bæjarstjórnar þar að lútandi. Ef mál varðar fjárhagslegar skuldbindingar bæjarins umfram fjárhagsáætlun skal ráðið vísa tillögu sinni til bæjarráðs.

V. Fundir og starfshættir

10. gr.

Bæjarráð heldur að jafnaði fundi einu sinni í viku. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir fulltrúar óska þess.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs og hefur málfrelsi og tillögurétt.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá að minnsta kosti einum sólarhring fyrir fund.

11. gr.

Fulltrúa er skylt að sækja alla fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti fulltrúi ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Formaður bæjarráðs ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli ráða og nefnda sveitarfélagsins. Fjöldi funda bæjarráðs er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Formanni ráðsins er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.

12. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir atkvæðisbærir fulltrúar eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar ráðsins getur fyrirvari um boðun verið skemmri. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá en tilkynna skal það í upphafi fundar. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur atkvæðisbærra fulltrúa er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

13. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í bæjarráði fer eftir því sem við á samkvæmt II. kafla samþykkta Reykjanesbæjar. Formaður ráðsins stýrir fundum ráðsins.

Fundir ráðsins skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðað á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins sem og aðra til viðræðna um einstaka mál.

Fulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi ráðsins og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum. Ákvæði þetta á einnig við um aðra fundarmenn.

Bæjarráð skal á fundum sínum taka fyrir þau erindi sem berast, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til bæjarstjórnar nema bæjarstjórn hafi falið ráðinu fullnaðarafgreiðslu málsins. Á fundum er mál afgreitt með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu bæjarstjórnar eða bæjarstjóra.

Bæjarráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Bæjarráð getur vísað málum til umsagnar annarra nefnda, ráða, embættismanna, eða annarra aðila.

Fulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu.

Bæjarráð kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum.

14. gr.

Ráðið skal halda gerðabók og ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykkta Reykjanesbæjar.

VI. Skipan, hæfi og skyldur fulltrúa

15. gr.

Bæjarráð skal í allri sinni ákvarðanatöku hafa hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í ráðinu að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra.

Fulltrúar sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við sveitarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru leyti vísast til siðareglna kjörinna bæjarfulltrúa hjá Reykjanesbæ.

Fulltrúi hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi fulltrúa og starfsmanna bæjarráðs gilda

ákvæði vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. og II. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 23. gr. samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 622/2019.

VII. Stofnanir sem heyra undir bæjarráð

16. gr.

Bæjarráð hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Engu að síður skal ráðinu gerð grein fyrir fjárhagslegri stöðu sviða reglulega. Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana. Fulltrúar koma ekki að ráðningum almennra starfsmanna.

Rekstur stofnana og starfsmannamál er á ábyrgð sviðsstjóra viðkomandi sviða, viðkomandi forstöðumanna og millistjórnenda. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir fyrir rekstri og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

Málefni allra stofnana Reykjanesbæjar heyra undir bæjarráð ef þau eru þess eðlis að þau geta ekki beðið afgreiðslu þeirrar fagnefndar sem viðkomandi stofnun heyrir undir.

VIII. Gildistaka

17. gr.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar og tekur gildi þann **xx/xx** 2020.